



## Bæjarstjórn Blönduósbæjar FUNDUR – 13. mars 2007

Bæjarstjórn Blönduósbæjar kom saman til tíunda fundar þriðjudaginn 13. mars 2007 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33. Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnaði honum. Ragnar Ingi Tómasson ritaði fundargerð. Mæting er samkvæmt undirskriftum.

### Dagskrá:

1. Fundargerð bæjarráðs frá 21. febrúar
2. Fundargerð bæjarráðs frá 7. mars
3. Fundargerð æskulýðs- og tómstundanefndar frá 28. febrúar
4. Fundargerð skipulags-, byggingar- og veitunefndar frá 12. mars
5. Fundargerð menningar- og februnarnefndar frá 26. febrúar

### Afgreiðslur:

1. Fundargerð 20. fundar bæjarráðs í 12 liðum frá 21. febrúar sl. kynnt og tekin til afgreiðslu. Að umræðum loknum bar forseti fundargerðina undir atkvæði, hún var samþykkt með 7 samhljóða atkvæðum.
2. Fundargerð 21. fundar bæjarráðs í 8 liðum frá 7. mars sl. kynnt og tekin til afgreiðslu. Óskað var svohljóðandi bókunar vegna liðar 1 d í fundargerðinni:

*“Bæjarráð Blönduósbæjar kýs ekki í stjórn Ámundakinnar, heldur er það gert með kosningu á aðalfundi félagsins. Eins og áður hefur fram komið var fundarboð stílað á bæjarstjóra af hálfu Ámundakinnar, og var það mat forseta bæjarstjórnar, Valgarðs Hilmarssonar að ekki væri ástæða til að boða sérstaklega til aukafundar í bæjarráði til þess að tilnefna fulltrúa. Bæjarstjóri var boðaður í umboði Blönduósbæjar, þar sem ekki hafði farið fram tilnefning á ákveðnum fulltrúa. Fundarboð vegna fundarins var sent til bæjarráðsmanna með tölvupósti kl. 10:00 þann dag sem fundurinn var haldinn. Ég ítreka það að ég harma þau mistök að bæjarráði hafi ekki borist fundarboð vegna fundarins með nægum fyrirvara.”* Undir bókunina ritar Valgarður Hilmarsson.

Þá var óskað svohljóðandi bókunar vegna liðar 6 c:

*“Engin ákvörðun hefur verið tekin um að setja í bið vinnu við deiliskipulag vegna byggingarlóða á umræddu svæði. Skipulagsverkefnum var einfaldlega forgangsraðað og nú er vinna hafin við þetta verkefni.”* Undir bókunina ritar Hulda Ragnheiður Árnadóttir, bæjarstjóri.

Fram var lögð svohljóðandi tillaga:

*“Undirritaðir telja mikilvægt að fram fari endurskoðun á skipuriti Blönduósbæjar þar sem gerð verði greining á þörfum og byggð upp markviss stjórnsýsla sveitarfélagsins. Í kjölfar þess verði auglýst í laus framtíðarstörf og ráðið í þau. Undirritaðir leggja því til að málinu verði vísað til bæjarráðs og frestað að auglýsa ný störf á meðan.”*

Undir tillöguna rita þeir Ágúst Þór Bragason, Kári Kárason og Valdimar Guðmannsson.



Þá var óskað eftir svohljóðandi bókun:

*Fulltrúar E-lista hafa sett fram það sjónarmið að rétt sé að fara yfir skipurit bæjarins með endurskoðun í huga, en sjá ekki ástæðu til að festa ráðningu í umrætt starf samkvæmt 2. lið fundargerðarinnar.”*

Framanskráð tillaga borin upp, hún var felld með 4 atkvæðum gegn 3.

Þá var fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði, hún var samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða. Zophonías Ari óskaði eftir að bókað væri að hann tekur ekki þátt í afgreiðslu liðar 6 b.

Þegar hér var komið á fundinum mætti til hans Jóhannes Torfason framkvæmdastjóri Ámundakinnar. Var þá upp tekinn liðurinn önnur mál.

### Önnur mál

a) Jóhannes Torfason fór nú yfir stöðu mála hjá Ámundakinn ehf. og framtíðaráform og dreifði gögnum til bæjarstjórnarmanna og svaraði fyrirspurnum. Að því loknu vék Jóhannes af fundi.

b) Hulda Ragnheiður kynnti hugmyndir um kynningu á því er fram fór á íbúafundi í liðinni viku og gerði að tillögu sinni að boðað verði til sérstaks fundar um sundlaugarbyggingu.

Hulda lætur brátt af starfi bæjarstjóra og voru henni færðar þakkir fyrir bæjarstjórnarstörf á liðnum vikum.

Var nú gengið á ný til auglýstrar dagskrár.

- 3. Fundargerð æskulýðs- og tómstundanefndar** í 3 liðum frá 28. febrúar sl. kynnt og tekin til afgreiðslu. Þá var fundargerðin borin upp og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.
- 4. Fundargerð skipulags-, byggingar- og veitunefndar** í 17 liðum frá 12. mars sl. kynnt og tekin til afgreiðslu. Fram kom eftirfarandi tillaga:

*Fram kom að í afgreiðslu nefndarinnar var galli og er því 13. lið fundargerðarinnar, þ.e. skipulags-, byggingar- og veitunefndar frá 12. mars 2007, samkvæmt beiðni Eyjólfss Þórarinssonar byggingafulltrúa vísað aftur til frekari skoðunar m.t.t. aðalskipulags á svæðinu.*

Einnig kom fram svohljóðandi tillaga:

*Bæjarstjórn samþykkir að deiliskipulag fyrir Brautarhvamms verði sett í lokafrágang og auglýsingu.*

Forseti bar upp tillögu um að vísa 13. lið aftur til nefndarinnar, það var samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

Tillaga vegna Brautarhvamms borin upp og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.



Forseti bar þá upp fundargerðina í heild sinni, hún var samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða. Zophonías Ari tekur ekki þátt í afgreiðslu liða 1, 2, 7 og 10.

**Fundargerð menningar- og fegrunarnefndar** í 3 liðum frá 26. febrúar sl. kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin borin upp og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

Fleira var ekki gert, fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundi slitið kl. 20:07.

*Valgarður Hilmarsson (sign.)*  
*Zophonías Ari Lárusson (sign.)*  
*Valdimar Guðmannsson (sign.)*  
*Nína Margrét Pálmadóttir (sign.)*  
*Ágúst Þór Bragason (sign.)*  
*Héðinn Sigurðsson (sign.)*  
*Kári Kárason (sign.)*  
*Hulda Ragnheiður Árnadóttir (sign.)*

*Ragnar Ingi Tómasson (sign.)*